



Selfossi 16. desember, 2008

Kei/kei.

Fundargerð fulltrúaráðs

71. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn þriðjudaginn 16. desember, 2008 kl. 12.15 í Ráðhúsi Árborgar III hæð.

Mættir: Margrét K. Erlingsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Snæbjörn Sigurðsson, Ingvar G. Ingvarsson, Margrét Sigurðardóttir og Ólafur Leifsson

Einnig mætti á fundinn:

Einar Sveinbjörnsson frá KPMG, Sigurður Sigurjónsson, lögmaður, og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins var eftirfarandi:

1. Húsnæðismál (Björgunarmiðstöðin)
Sigurður Sigurjónsson fór yfir þau mál sem fram hafa komið frá því fulltrúaráð kom saman þann 18. nóvember s.l.
Hann sagði frá þeim kostum sem upp hafa komið s.s. hugsanleg kaup aðildarsveitarfélaga BÁ á þeim hluta hússins sem ætlaður er fyrir slökkviliðið. Um er að ræða 1126.6 m². Ýmsir aðrir kostir voru ræddir.
Fram kom að hafnað hefur verið tilboðshugmyndum þess efnis að BÁ geti verið í húsnæðinu næstu tvö ár miðað við nógildandi leigusamning, en samningur síðan uppfærður miðað við rekstarkostnað hússins.
Stjórn og fulltrúaráði finnst að of opin tilboð séu þarna á ferðinni.
Sigurður greindi frá því að aðilar hefðu haft samband við sig og óskað eftir fundi með fulltrúum BÁ þar sem ýmsir kostir í stöðunni yrðu ræddir.
Fulltrúaráð samþykkir að verða við þessari bön og bíður eftir fundartíma og fundarstað.

Niðurstaða:

1. Fulltrúaráð Brunavarna Árnessýslu samþykkir að óska eftir því við Einar Sveinbjörnsson og Sigurður Sigurjónsson að þeir setji upp líkan af greiðslubyrðgi, ef kaup á hluta BÁ í Björgunarmiðstöðinni yrði kostur fyrir BÁ.
2. Fulltrúaráð Brunavarna Árnessýslu samþykkir að formaður stjórnar, slökkviliðsstjóri og lögfræðingur gangi frá breytingum á samkomulagi hagnunaaðila vegna húsbýggingar Björgunarmiðstöðvar Árborgar við Árveg á Selfossi.
Um er að ræða 4. tölulið fyrirhugaðs samkomulags

2. Reikningur BÁ fyrir 2007

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi frá KPMG skýrði reikninga ásamt slökkviliðsstjóra.

Helstu niðurstöður eru þessar;

Rekstrarreikningur:

Rekstrartekjur	74.656.956
Rekstrarkostnaður	72.541.848
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur	1.098.687
Rekstrarniðurstaða tekjur umfram gjöld	1.016.421

Efnahagsreikningur:

Fastafjármunir	61.323.971
Veltufjármunir	26.148.751
Eignir samtals	87.472.722
Eigið fé	17.027.118
Lífeyrisskuldbindingar	26.970.068
Langtímaskuldir	23.098.493
Skammtímaskuldir	20.377.043
Skuldir og skuldbindingar samtals	70.445.604

Yfirlit um sjóðstreymi:

Veltufé frá rekstri	9.543.196
Fjárfestingahreyfingar	(16.790.276)
Fjármögnunarhreyfingar	7.547.358
Hækkun á handbæru fé	4.229.974
Handbært fé í árslok	16.120.629

Reikningur staðfestur samhljóða

3. Fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2009

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að áætlun fyrir árið 2009 sem stjórn BÁ vísaði til fulltrúaráðs á fundi sínum 3. desember s.l.

Lítills háttar hækkun verður á rekstarliðum frá síðasta ári sem skýrast af nokkrum þáttum.

Helst er að nefna að á árinu er áformað að flytja starfsemi BÁ í nýtt húsnæði á Selfossi, einnig er gert ráð fyrir því að útstöðvar verði fullbúnar og leigugjöld þ.a.l. færð til samræmis við það gildandi leiguverð. Leiguverð var í síðustu áætlun ekki reiknað að fullu þar sem gert var ráð fyrir flutningi í húsið fyrir mitt ár 2008. Ekki varð af því. Í áætlun fyrir 2009 er gert ráð fyrir fullu leiguverði samkv. fyrirbyggjandi leigusamningi við BBÁ.

Aðrir rekstrarliðir standa í stað eða eru færðir lítills háttar upp.

Niðurstaða: Samþykkt

4. Skipting framlaga vegna rekstrar B.Á.

Stjórn B.Á lagði fram tillögu um breytingu rekstrarframlaga til B.Á;

Fulltrúaráð B.Á leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga B.Á að skipting framlaga verði með eftirfarandi hætti; 70% miðast af brunabótamati 1.des. næstliðins árs og 30% af íbútolu 1. des. næstliðins árs.

Einnig leggur fulltrúaráð til að inn í samþykktir komi eftirfarandi setning: Óski sveitarfélag eftir inngöngu í Brunavarnir Árnæssýslu, skal endurskoða kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaga.

Fjórtaundu grein samþykka B.Á verður þá þannig;

14. gr

Skipting framlaga aðildarsveitarfélaganna til B.Á. er þannig að 30% þeirra miðast við íbúafjölda 1. des. og 70% brunabótamat fasteigna í viðkomandi sveitarfélaga. Framlög skulu greidd í jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Óski sveitarfélag eftir inngöngu í Brunavarnir Árnæssýslu, skal endurskoða kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaga.

Niðurstaða:

Samþykkt samhljóða.

Tillagan send til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga til samþykktar eða synjunar.

5. Málefni slökkvitækjapjónustu

Rekstarmál þjónustunnar rædd út frá samþykkt stjórnar B.Á á síðasta fundi sínum þess efnis að leita eftir því frá aðildarsveitarstjórnnum B.Á að breyta rekstarfyrirkomulagi.

6. Önnur mál

a.) Rætt um sýnileika liðsins útávið.

Hugmyndir ræddar að slökkviliðið tæki þátt í fleiri samkomum en á 17. júní ár hvert, t.d. á ýmsum héraðssamkomum.

Slökkviliðsstjóra falið að skoða þessi mál.

b.) Rætt um fjölda sumarhúsa á svæði B.Á og viðbúnað við skógar og sinueldum.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.50

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Snæbjörn Sigurðsson,
Ingvar G. Ingvarsson Margrét Sigurðardóttir, Ólafur Leifsson,
Sigurður Sigurjónsson, Einar Sveinbjörnsson og Kristján Einarsson**